

## Fundargerð

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar, þriðjudaginn 12. mars kl. 12:00 í fundarherbergi á 3. hæði í Gimli.

Mætt voru: Vilhjálmur Árnason, Sólveig Anna Bóasdóttir, Ástríður Stefánsdóttir, Haraldur Briem, Irma Sjöfn Óskarsdóttir og Salvör Nordal.

1. *Fundargerð síðasta fundar.* Forstöðumaður gerði grein fyrir að fundargerðir síðustu tveggja funda lögju ekki fyrir en myndu vera tilbúnar á næsta fundi.
2. *Rannsóknaverkefni.* Gerð grein fyrir stöðu umsókna í rannsóknasjóði og öðrum verkefnum. Óhætt er að segja að nokkur tímamót séu nú í starfi stofnunarinnar eftir nokkra lægð á sviði rannsókna.
  - a. *Íslenskt lýðræði: Vandí þess og verkefni.* Sótt var um styrk til Rannís í júní 2012 og hlaut verkefnið um 6,3 milljón króna styrk fyrir þetta ár. Verkefnið er þverfaglegt undir stjórn Siðfræðistofnunar og til þriggja ára. Verkefnið er þegar komið vel af stað og hefur m.a. verið skipulögð málstofa á Hugvísindapingi tengt því. Verkefnisstjóri er Vilhjálmur Árnason.
  - b. *Nerri – Neuro-Enhancement: Responsible Research and Innovation.* Siðfræðistofnun var boðið að taka þátt í umsókn í 7. Rammaáætlun Evrópusambandsins. Um er að ræða þverfaglegt verkefni um heila- og taugalækningar. Verkefnið hófst formlega 1. mars og fer forstöðumaður á upphafsfund þess rétt fyrir páska. Um 18 stofnanir í 11 Evrópulöndum taka þátt í verkefninu sem fékk styrk upp á rúmar 3 milljónir evra. Af þeirri upphæð koma 143 þúsund evra í hlut Siðfræðistofnunar næstu þrjú árin.
  - c. *Cost – Disaster Bioethics: addressing ethical issues triggered by disasters.* Vilhjálmur Árnason er aðili að þessu verkefni sem er nýhafið og sótti undirbúningsfund í Brussel í október.
  - d. *Norrænt samstarfsnet um lífsiðfræði.* Verkefnið hefur síðustu árin verið styrkt af Nordforsk en er sá styrkur búinn. Mikill áhugi er innan samstarfsnetsins að halda samstarfinu áfram. Vilhjálmur Árnason hefur tekið við stjórn þess. Næsti fundur er áætlaður í Riga í júní.
  - e. *Cost umsókn: Citizen's Health through public-private Initiatives: Public health, Market and Ethical perspectives.* Siðfræðistofnun tók þátt í Cost-umsókn á síðasta ári. Niðurstöður liggja ekki fyrir.
  - f. *Styrkur frá EDDU-öndvegissetri.* Forstöðumaður fékk um þriggja mánaða styrk frá Eddu-öndvegissetri og mun taka hann á næstu mánuðum.
  - g. *NOS-H umsókn.* Siðfræðistofnun sendi inn umsókn um styrk á síðasta ári í verkefni um einstaklingsmiðaða heilbrigðisþjónustu. Verkefnið fékk ekki styrk en góða umsögn og vænlegt til að halda áfram með.
  - h. *NORIA-net.* Forstöðumaður gerði grein fyrir þátttöku sinni í Noria-net verkefni á vegum Nordforsk sem miðar að því að finna leiðir til að auka samstarf á Norðurlöndum í notkun gagna fyrir heilbrigðisrannsóknir.

3. *Málþing og útgáfa*
  - a. *Hugsað með...* Haldin var vegleg ráðstefna til heiðurs Vilhjálmi Árnasyni sextugum dagana 11.-13. janúar. Stefnt er að útgáfu erinda síðar á árinu í ritröðinni Hugsað með í samstarfi við Heimspekistofnun. Þá var haldin ráðstefna í desember um Platon og munu erindi koma út í sömu ritröð síðar á þessu ári.
  - b. *Málstofur.* Siðfræðistofnun hefur skipulagt þrjár málstofur um álitæfni í heilbrigðisþjónustu í samstarfi við Læknadeild HÍ. Fyrsta málstofan var haldin 1. mars um ætlað samþykki og líffæragjafir, þann 5. apríl er áætluð málstofa um kukl og hjávísindi og sú síðasta verður 3. maí um kynáttunarvanda.
  - c. *Erindi.* Mikael M. Karlsson hélt erindi á vegum Siðfræðistofnunar og Heimspekistofnunar 1. mars s.l. sem hér „Siðasúpa“ og átti upphaflega að vera á ráðstefnunni Hugsað með Vilhjálmi en var frestað vegna veikinda.
4. *Samstarfsverkefni.* Gerð var grein fyrir grein fyrir samstarfi Siðfræðistofnunar við Festu – stofnun um samfélagslega ábyrgð og var reist á grunni Ethikos sem var í Háskólanum í Reykjavík. Festa er sjálfstæð stofnun en hefur aðstöðu í HR. Forstöðumaður hennar er Ketill Berg Magnússon. Þá var gerð grein fyrir samstarfi Siðfræðistofnunar við Endurmenntun HÍ.
5. *Verkefni starfsmanns.* Henry Alexander Henrysson sem ráðinn var til starfa í haust í hálfri starf til að vinna að samþættingarverkefninu hefur einnig verið fenginn í nokkur önnur tímabundin verkefni. Stjórnarformaður gerði grein fyrir því að hann yrði ráðinn starfsmaður Lýðræðisverkefnisins enda hefði Henry haldið utan um umsóknarferlið á sínum tíma og þekkti því vel til þess. Siðfræðistofnun hefur verið falið að gera skýrslu um hvalveiðar í framhaldi af fundi Norrænu lífsiðfræðinefndarinnar um hvalveiðar í Færeyjum í júní á síðasta ári og mun Henry verða til að skrifa skýrsluna. Styrkurinn hljóðar uppá um 1.8. milljónir. Þá hefur Henry tekið að sér að meta áhrif setningu siðareglna hjá Reykjavíkurborg, en það verkefni er hluti af skýrslu úttektarnefndar á stjórnkerfi og stjórnsýslu borgarinnar.
6. *Námslínur í Hagnýtri siðfræði.* Gerð grein fyrir stöðu meistaranáms hagnýttri siðfræði.
7. *Samningur við Kirkjuráð.* Forstöðumaður gerði grein fyrir því að samningur stofnunarinnar við Kirkjuráð væri runninn út fyrir nokkrum árum. Þrátt fyrir margar fyrirspurnir hafa ekki fengist svör frá Kirkjuráði um endurnýjun samningsins. Irma Sjöfn sagðist ætla að leita svara fyrir næsta fund.
8. *Ársfundur í haust.* Fjallað um nauðsyn þess að halda ársfund stofnunarinnar en ekkert varð af slíkum fundi á síðasta ári enda um margt óvenjulegt vegna leyfa forstöðumanns og stjórnarformanns. Rætt um möguleika á að halda ársfund 28. september í haust.
7. *Næsti fundur.* Ákveðið að halda næsta fund í lok maí og fara yfir fjárhagsstöðu stofnunarinnar.